

Virðing og umhyggja - ákall 21. aldar

Bókarhöfundur: Sigrún Aðalbjarnardóttir

Bókarheiti: Virðing og umhyggja – ákall 21. aldar

Gagnrýnandi: Þóroddur Bjarnason

Útgáfa: Heimskringla, Reykjavík 2007, 537 bls.

HVAÐ FELST Í MENNTUN?

Fagstétt grunnskólakennara á talsvert undir högg að sækja á Íslandi. Lág laun kennara virðast endurspeglar takmarkaða virðingu opinberra aðila fyrir því starfi sem unnið er í grunnskólum landsins og kennsla á grunnskólastigi felur í sér umtalsverða lífshættu fyrir háskólamenntaða kennara og fjölskyldur þeirra. Flótti reyndra kennara úr stéttinni, æ færri nýnemar í kennaranámi og hækkandi meðalaldur starfandi kennara mun því að líkindum leiða til alvarlegs ástands í skólum landsins á komandi árum. Kjarasamningar undanfarinna ára hafa jafnframt skert faglegt sjálfstæði stéttarinnar með aukinni viðveruskyldu, nákvæmum útlísum á einstökum starfsþáttum og auknu valdi skólastjórnenda yfir simenntun og endurmenntun kennara.

Á sama tíma snýst opinber umræða um íslenska grunnskóla oft fyrst og fremst um skilvirkni og gæðastjórnun við framleiðslu góðra einkunnar nemenda. Þar má sem dæmi nefna viðbrögð við niðurstöðum nýlegrar PISA-rannsóknar, en þar er frammistaða íslenskra nemenda í lestri, reikningi og náttúrufræði nálægt meðaltali OECD-landanna. Í opinberri yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins (4.12.2007) er þessi niðurstaða sögð óásættanleg í ljósi þess mikla uppbyggingar- og þróunarstarfs sem átt hefur sér stað í skólum landsins og þeirra fjármuna sem varið hafi verið til grunnskólastigsins. Ráðuneytið brýnir því fyrir skólayfirvöldum, sveitarstjórnnum, skólastjórnendum og kennurum að fara í saumana á þessum niðurstöðum og draga af þeim lærdóm. Í leiðara Fréttablaðsins (9.12.2007) er þessum niðurstöðum líkt við hrun þorsstofnsins og verðbréfavísitölu í frjálsu falli. Ritstjóri blaðsins telur að huga þurfi að kennsluháttum, aga, kröfum, árangursmati og gæðamati auk þess sem hann hvetur til þess að svigrúm til launahækkana kennara verði notað til þess að árangurstengja kennslukaupið og styrkja með því samkeppnishæfni kennarastarfsins.

Ákall Sigrúnar Aðalbjarnardóttur til 21. aldar beinir sjónum frá þessum fremur nóturlegu aðstæðum fagstéttar kennara á Íslandi og endurvekur umræðu um grundvallargildi skólastarfs óháð baunatalningu samræmdra prófa á innlendum eða alþjóðlegum vettvangi. Tilgangur skólastarfs er ekki sá að búa börn undir próf. Þótt börn læri ýmislegt nytsamlegt í skólanum felst menntun þeirra ekki nema að takmörkuðu leyti í staðreyndanámi eða próftækni. Í bók sinni spyr Sigrún þessar lykilsurningar sem hefur týnst í umræðunni um árangurs- og gæðamat: Hvernig búum við börn og unglinga sem best undir að takast á við líf sitt í samtíð og framtíð? (bls. 456).

Í leit að svörum við þessari grundvallarspurningu byggir Sigrún á þrjátíu ára ferli sem grunnskólakennari, námsefnishöfundur, háskólakennari og uppalandi í þess orðs víðfeðmustu merkingu. Hér er fyrst og fremst efnt til samræðu við grunnskólakennara sem sérfræðistétt og hvatt til frekari samþættingar kennslu, rannsókna og þróunarstarfs. Ekki er minnst á aðferðir stjórnunarfræði við árangurs- og gæðamat eða árangurstengingu kennslukaups, heldur er efling fagvitundar og faglegs sjálfstæðis kennara í brennidepli þegar kemur að auknum gæðum skólastarfs. Framþróun í skólastarfi byggist á samstíga þátttöku heimila, skólayfirvalda, sveitarstjórna og yfirvalda menntamála, en persónuleg samskipti kennara og nemenda eru að mati höfundar sá öxull sem allt skólastarf hvílir á.

Áratugarannsóknir Sigrúnar Aðalbjarnardóttur á samskiptum og siðferðisproskana eru þannig rauði þráðurinn sem tengir daglegt líf í skólastofunni, viðhorf nemenda, hlutverk og sjálfsskoðun uppalenda, skólaþróunarstarf í grunnskólum, menntunarsýn og starfshætti kennara, kennaramenntun á háskólastigi, pólitískan vilja stjórnvalda og framtíð lýðræðissamfélagsins. Lesendann kann á stundum að sundla á þessari fimm hundruð síðna þeysireið um innviði menntakerfis og samfélags, en villist þó hvergi af leið undir styrkri leiðsögn höfundar.

Í bókinni kallast á raddir barna í hversdagsleika skólastofunnar og raddir fullorðinna sem líta til baka til ljóma barnæsku sinnar, lífssögur starfandi kennara og kenningar helstu fræðimanna samtímans, ljóðmæli skálda í tilvistarkreppu og kærleiksboðskapur fyrsta kórintubrúfins. Í lok hvers kafla staldrar leiðsögumaður við, dregur fram meginlínur þess efnis sem rakið hefur verið og fléttar það saman við meginstef bókarinnar. Nemendur Sigrúnar fyrr og síðar geta hér fagnað endurfundum við

lærimeistarann sem er óbundinn viðjum sértækrar fræðigreinar og þröngum skilgreiningum á viðfangsefni fræðanna. Sé viðfangsefnið þess virði, er lífið og tilveran ævinlega að veði.

Hér er á ferðinni áskorun á samtíð og framtíð sem er hafin yfir karp um kaup og kjör eða framleiðslu og gæðamat einkunna. Uppeldi barna fer að verulegu leyti fram í skólastofum landsins og menntun þeirra felst samkvæmt orðsins hljóðan í því að koma þeim til manns. Ekki er ljóst hvort siðferðisproski og samskiptahæfni íslenskra barna er undir meðaltali OECD-landa né hvort það væri vænlegt til árangurs að greiða kennurum nokkrar krónur fyrir hvert áunnið stig í slíkum þroska. Endanlegur árangur við að búa börn undir að takast á við lífið verður vart mældur fyrr en að leikslökum og þá væri nokkuð seint að greiða kennsluberserkjum sinn einstaklingsbónus.